

Sp.

876. Þingsályktun

[192. mál]

um áskorun á Sameinuðu þjóðirnar varðandi allsherjarafvopnun.

(Afgreidd frá Sp. 13. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skora á Sameinuðu þjóðirnar að beita sér af alefli fyrir allsherjarafvopnun, sem tryggð verði með raunhæfu alþjóðlegu eftirliti, enda er það öruggasta ráðið til þess að koma í veg fyrir framleiðslu og notkun kjarnorkuvopna og vetnissprengjunnar í hernaði, en tilraunir Bandaríkja-anna og Sovétríkja með þau vopn hafa sýnt, að í þeim felst geigvænleg og yfirvofandi hættu fyrir mannkynið og framtíð þess, ef ekki tekst með alþjóðlegum samtökum að hindra, að ný heimsstyrjöld brjótist út.